

Almennt um meðferð á litalinum án styrks

Litalinsur lúta sömu meðferð og hefbundnar augnlinsur er varðar umgengni og hreinlæti. Það er skilyrði að lesa þessar leiðbeiningar vel og fylgja þeim út í ystu æsar til að koma í veg fyrir að augun geti orðið fyrir skaða.

1. Hreinlæti: Þvoðu hendur vel og þurrkaðu áður en linsurnar eru meðhöndlaðar.
2. Sótthreinsun: Eftir notkun skal geyma linsurnar í linsuboxi sem er hannað til þess að geyma mjúkar augnlinsur og það fyllt af sóttthreinsandi linsuvökva. Linsurnar skulu vera að lágmarki 6 tíma í vökvanum í senn.
3. Geymsla: Ef geyma á linsurnar lengi, skal skipta um sóttthreinsandi linsuvökvann að lágmarki á 30 daga fresti og linsuboxið á 3ja mánaða fresti.

Litalinsur eru hannaðar fyrir venjuleg, heilbrigð augu. Best er að ráðfæra sig við augnlækni áður en litalinsur eru notaðar í fyrsta skipti.

Það skal fylgjast vel með því að ef augun þreytast, verða þur, pirruð eða rauð undan linsum, skal fjarlægja þær strax.

Aldrei skal deila linsum með öðrum.

Henda skal linsunum eftir að áætlaður endingartími rennur út, einnig skal henda linsum ef þær renna út á síðasta söluvegi.

Að setja linsur í augun.

1. Eftir að hendur hafa verið þvegnar og þurrkaðar, skal skoða linsuna til að vera viss um að hún sé í heilu lagi og engir sjáanlegir aðskotahlutir í henni.
2. Setjið linsuna á endan á vísifingri gagnstæðrar handar, þ.e. ef setja á linsuna í hægra augað, skal setja hana á vinstri vísifingur. Passið að myndin/munstrið á linsunni snúi út og liggi á fingrinum.
3. Látið 2-3 dropa af linsuvökva detta á linsuna úr ca. 4 cm hæð til þess að vera fullviss um að hvorki ryk né aðrir aðskotahlutir leynist í henni.
4. Notið löngutöng sömu handar og linsan er í til þess að draga örlítið niður neðra augnlok og halda því niðri.
5. Notaðu núna vísifingur lausu handarinnar (hægri hönd ef linsan fer í hægra augað) til þess

að toga upp efra augnlokið með því að þrýsta á það og draga upp.

6. Núna þegar vinstri löngutöng heldur neðri hluta augans opnu og hægri vísifingur heldur efri hlutanum opnum, leggið linsuna varlega á augað (linsan liggur nú á brún vinstri vísifingurs). Sjá mynd hér fyrir neðan. Best er að vera fyrir framan spegil og horfa beint fram þegar linsan er lögð á augað.
7. Sleppið varlega auganu þegar linsan er komin í og blikkið auganu varlega nokkrum sinnum.



Ef það eru óþægindi undan linsunni skal taka hana strax úr, skola hana og setja aftur í, ef þú ert viss um að linsan er hrein en hún veldur samt óþægindum, skal taka hana úr auganu og hafa samband við augnlækni áður en haldið er áfram.

Þegar linsurnar eru fjarlægðar gildir sama að hendur skulu vera hreinar, linsurnar settar í linsubox sem er síðan fyllt af viðurkenndum sóttthreinsi vökva fyrir mjúkar linsur.

Ef þú ert ekki vön/vanur augnlinsum ættir þú alls ekki að nota linsurnar lengur en 3 tíma í fyrsta skiptið. Eftir það getur þú aukið tímann um 30-60 mínútur á dag, upp að hámarkstíma, sem er 6 tímar.



www.hokuspokus.is

Verzlun og vefverzlun
Laugavegi 69 S. 551-7955